

## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Bjarni Bjarnason forstjóri og Elín Smáradóttir yfirlögfræðingur  
**Sendandi:** Belinda Eir Engilbertsdóttir sérfræðingur lóða og lendna, Hólmfríður Sigurðardóttir umhverfisstjóri og Ólöf Snæhólm Baldursdóttir, sérfræðingur í samskiptamálum.  
**Dagsetning:** 2. nóvember 2020, uppfært 9. desember 2020  
**Efni:** **Tæming Árbæjarlóns – Tímalína – stutta útgáfan**

---

Rekstur Elliðaárstöðvar stöðvaðist vegna bilunar árið 2014. Áformað var að endurræsa stöðina en fallið var frá því í árslok 2019. Frá árinu 2014 og þar til nú hefur lónið því verið rekið með það að leiðarljósi að hafa eins lítil neikvæð áhrif á lífríki ána og unnt er.

- Á veturna hefur verið fyllt upp í lónið og það sett á yfirfall. Töluvert hefur verið um ábendingar frá íbúum um slysaættu þegar ís leggur á lónið og börn fara út á það. Sett hafa verið upp varúðarskilti.
- Á vorin hefur lónið verið tæmt, eins snemma og veður leyfir, áður en lífríki ána „vaknar“. Tæmt hefur verið í tveimur hlutum til að opna fyrir fiskgengd í gegnum stífluna, fyrst sunnanmegin (botnlökinn opnaður) og svo Árbæjarmegin, og sá hluti tæmdur alveg til að hleypa niður þeim fiski sem þar er.
- Nokkrum dögum eftir tæmingu hefur verið fyllt upp í andapollinn svokallaða, Árbæjarmegin. Grindur hafa verið settar í Árbæjarkvíslina að ofan- og neðanverðu, því ekki er fiskgengt í gegnum stífluna Árbæjarmegin. Er það gert til að fiskur gangi ekki upp kvíslina og festist í lóninu ofan eða neðan stíflunnar. Engu að síður hefur eitthvað af fiski orðið innlyksa í lóninu.

### Tímalína

#### Vor 2020 – Árleg tæming Árbæjarlóns

##### Undirbúningur:

- Í samráðsferlinu kom ábending frá Fiskistofu um áhrif tæmingar Árbæjarlóns á lífríki árinna. Tæmingin hefur í för með sér snögga rennslisbreytingu ásamt framburði aurs, sem safnast hefur upp í lóninu, niður árfarveginn þegar lokur eru opnaðar. Fiskistofa taldi tæminguna ekki leyfisskylda.
- Í kjölfarið var haft samráð við Hafrannsóknastofnun um útfærslu á því hvernig væri hægt að standa að tæmingunni þannig að hún hefði sem minnst áhrif á vatnalífríkið, bæði aðferð (hversu hratt lokurnar eru opnaðar) og tímasetningu. Hafrannsóknastofnun ákvað að mæla leiðni og taka vatnssýni til að meta vatnsgæði við tæmingu.
- Samhliða þessu var haft samráð við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkurborg og aðra hagaðila með símtölum og fundum, ásamt því sem fulltrúar hagaðila voru viðstaddir tæminguna sjálfa.

##### Lónið tæmt 21. -27. apríl:

- Tæmt samkvæmt ráðleggingum Hafrannsóknastofnunar.
- Eftirfarandi hagaðilar voru viðstaddir tæminguna:
  - Friðþjófur Árnason, Hafrannsóknastofnun, ásamt samstarfsfólki.
  - Þórólfur Jónsson, deildarstjóri náttúru og garða, umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar
  - Svava S. Steinarsdóttir, Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar
  - Sigþór Gunnlaugsson, Stangaveiðifélagi Reykjavíkur (SVFR)
  - Ingimundur Bergsson, SVFR
- Þegar lónið Árbæjarmegin var tæmt greindi Friðþjófur Árnason hjá Hafrannsóknastofnun OR frá því að súrefnið í ánum hefði hríðfallið meðan á tæmingu stóð og árnar orðið dökkar af aurburði.

##### Ráðleggingar og samráð eftir tæmingu lónsins:

- Hafrannsóknastofnun sendi OR minnisblað með helstu niðurstöðum vatnsgæðamælinga.
- OR boðaði til rýnifundar með helstu hagaðilum til að meta hvað hafði gengið vel við tæmingu lónsins og hvað betur mætti fara. Á fundinum sem haldinn var 4. maí kynnti Hafrannsóknastofnun niðurstöður vatnsgæðamælinga og kom fram að súrefnismagn árvatnsins hafi farið langt niður við lok tæmingar. OR óskaði eftir ráðleggingum Hafrannsóknastofnunar. Á fundinum voru:
  - Hólmfríður Sigurðardóttir, umhverfisstjóri OR
  - Belinda Eir Engilbertsdóttir, sérfræðingur lóða og lendna hjá OR
  - Friðþjófur Árnason, Hafrannsóknastofnun
  - Guðni Guðbergsson, Hafrannsóknastofnun
  - Þórólfur Jónsson, deildarstjóri náttúru og garða, umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar
  - Svava S. Steinarsdóttir, Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar
  - Ingi Þór Hafsteinsson, vélfræðingur Orku náttúrunnar

12. maí hélt OR rýnifund með Hafrannsóknastofnun, sem kynnti niðurstöður vatnsgæðamælinga. Stofnunin taldi fjórar leiðir færar vegna vatnalífrikis og mælti með leiðum 1 og 2.

1. Fjarlægja stíflu og ganga frá svæði í „upprunalegt“ ástand.
2. Hafa allar lokur opnar árið um kring og gera skarð í einn þröskuldinn Árbæjarmegin til að auðvelda göngu fiska.
3. Hafa Geiraloku alltaf opna og stækka op hennar. Hafa lokurnar Árbæjamegin alltaf lokaðar.
4. Halda áfram hefðbundnum aðferðum en bæta tæmingu (tímasetningu og framkvæmd).

Tekin var ákvörðun um að nærtækast væri að fara leið 2 sem væri hagstæð fyrir vatnalífriki og einföld framkvæmd og taka málið upp að hausti.

Á fundinum voru:

- Bjarni Bjarnason, forstjóri OR
- Magnús Már Einarsson, forstöðumaður Aðbúnaðar OR
- Belinda Eir Engilbertsdóttir, sérfræðingur Lóða og lendna OR
- Hólmfríður Sigurðardóttir, umhverfisstjóri OR
- Ingi Þór Hafsteinsson, vélfræðingur Orku náttúrunnar
- Friðþjófur Árnason, Hafrannsóknastofnun
- Guðni Guðbergsson, Hafrannsóknastofnun

### **Haust 2020– Endanleg tæming Árbæjarlóns:**

#### **Undirbúningur:**

- Eftir innanhússfundi var ákveðið að hefja undirbúning að því að tæma Árbæjarlónið endanlega.
- Samráð var haft við Hafrannsóknastofnun um hvernig og hvenær væri vænlegast að tæma lónið með hagsmuni lífríkis ána að leiðarljósi.
  - Niðurstaðan varð sú, í ljósi hagsmuna vatnalífrikisins, að best væri að tæma lónið um miðjan október
- Upplýsingapóstur var sendur á eftirfarandi hagaðila þann 9. október, þar sem fyrirhuguð tæming var kynnt og boðið að koma athugasemdum á framfæri:
  - Hafrannsóknastofnun
  - Orkustofnun
  - Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
  - Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis
  - Náttúrufræðistofa Kópavogs
  - Kópavogsbær
  - Fiskistofa
  - Árnefnd Elliðaáa
  - Umhverfisstofnun
  - Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
  - Umhverfis- og skipulagssvið Kópavogsbæjar (v/Elliðavatns)
  - Stangaveiðifélag Reykjavíkur
  - Veiðifélag Elliðavatns
- Frekari upplýsingagjöf var til helstu hagaðila (símtöl, tölvupóstsamskipti, fundir):
  - Þórolfur Jónsson, deildarstjóri náttúru og garða, umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar.
  - Snorri Sigurðsson, líffræðingur, umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar.
  - Svava S. Steinarsdóttir, Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar.
  - Sigurþór Gunnlaugsson framkvæmdastjóri Stangaveiðifélags Reykjavíkur
  - Ólafur E. Jóhannsson, formaður Árnefndar Elliðaáa og formaður veiðifélags Elliðavatns.
- Ábendingar komu frá Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar um að skoða allar hliðar á þessari breytingu og afleiðingar af henni, á gróður, fuglalíf, útivistargildi o.fl. og fá faglegt mat á hversu hratt lífríkið aðlagar sig að svona breytingum. OR svaraði á þann veg að farið yrði í landgræðsluaðgerðir til að draga úr áhrifum á gróður. Hagsmunir vatnalífrikisins verði látnir ráða för en eftir tæmingu verði árnar til staðar fyrir útivistarunnendur til að njóta. Óljóst sé hvaða áhrif tæmingin muni hafa á fuglalíf og verði leitað til sérfræðinga þess efnis.
- Engar frekari ábendingar bárust frá Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar.
- Í kjölfarið hringdi OR í Náttúrufræðistofnun Íslands en var bent á að hafa samband með tölvupósti sem var gert, óskað eftir álit á áhrifum á fugla og greint frá fyrirhugaðri endanlegri tæmingu Árbæjarlóns.
- Þegar engin svör bárust frá Náttúrufræðistofnun hafði OR samband við Arnór Þ. Sigfússon fuglafræðing hjá verkfræðistofnunni Verkís og bað hann um álit á áhrifum tæmingar á fuglalíf.
- Tæmingu var frestað um tvær vikur, eða til 29. október sl. í samráð við Hafrannsóknastofnun á meðan beðið var eftir álit fuglafræðings
- Vettvangsferðir voru farnar á svæðið vegna fuglalífs og landgræðslu til vistheimtar að tæmingu lokinni.
- OR hafði samband við Björn Inga Edvardsson hjá skipulagssviði Reykjavíkurborgar og var framtíð Árbæjarstíflu rædd (mannvirkið og tæming Árbæjarlóns) og óskaði OR eftir fundi með Reykjavíkurborg til að ræða framtíð Árbæjarstíflu.

- Minnisblað Arnórs Þ. Sigfússonar um áhrif á fuglalíf lá fyrir þann 23. október og var niðurstaðan sú að tæmingin myndi ekki hafa veruleg áhrif á fugla. Minnisblaðið var sent á helstu hagaðila, þ.m.t. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur og umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar.
  - OR lauk við kynningarbréf til íbúa mánudaginn 26. október með tengil í minnisblað fuglafræðings.
  - Þann 28. október varð OR ljóst að bréf til íbúa hafði ekki verið sent og að ekki væri hægt að senda það út í nafni OR vegna persónuverndarlaga.
  - Fréttatilkynning um tæmingu Árbæjarlóns var send þann 28. október á fjölmiðla, frétt á or.is, færsla á WP og FB síðu Árbæjar og OR.
  - Fundur haldinn á Árbæjarstíflu þann 28. október. Mætt voru:
    - Þórólfur Jónsson, deildarstjóri náttúru og garða, umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar.
    - Snorri Sigurðsson, líffræðingur, umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar.
    - Hólmfríður Sigurðardóttir, umhverfisstjóri OR.
    - Belinda Eir Engilbertsdóttir, sérfræðingur Lóða og lendna, OR.
    - Friðþjófur Árnason, Hafrannsóknastofnun.
    - Arnór Þ. Sigfússon, fuglafræðingur, Verkís.
- Farið yfir málið og umræður. Sátt um að þessi leið verði farin vegna hagsmuna vatnalfríkisins.
- OR hafði samband við helstu hagaðila til að minna á tæminguna.

#### Lónið tæmt 29. október:

- Lónið tæmt, eftirfarandi hagaðilar viðstaddir:
  - Sigurþór Gunnlaugsson, framkvæmdastjóri SVFR
  - Svava S. Steinarsdóttir, Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar
- Þórólfur Jónsson deildarstjóri náttúru og garða, umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar taldi ekki ástæðu að mæta ef fulltrúi heilbrigðiseftirlitsins yrði á staðnum.
- Eftir hádegi hóf verktaki slátt og dreifingu fræslægju á gamla botn Árbæjarlóns til að flýta fyrir endurheimt staðargróðurs.
- Jákvæður fréttaflutningur var um tæminguna í helstu fréttamiðlum.
- Daginn eftir voru sett niður þrjú skilti með upplýsingum um landgræðslu og endurheimt staðargróðurs með stuttu millibili norðan Árbæjarstíflu.